

Reglugerð um heimild færeyskra skipa til síldveiða við Ísland á árunum 2019 og 2020.

1. gr.

Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við færeysk stjórnvöld um heimildir skipa frá Færeyjum til veiða á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum í efnahagslögsögu Íslands á árinu 2019 og 2020.

2. gr.

Veiðar, sbr. 1. gr., innan íslenskrar efnahagslögsögu eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Um borð í veiðiskipi skal vera staðfesting þess að viðkomandi skip hafi leyfi til síldveiða í efnahagslögsögu Íslands og ennfreður reglur, sem um síldveiðarnar gilda.

Færeysk stjórnvöld skulu sækja um leyfi fyrir skip til síldveiða til Fiskistofu. Í umsókn skal tilgreina nafn skips, skrásetningarnúmer, stærð, tegund fjaraskiptabúnaðar og kallmerki.

3. gr.

Færeyskum skipum er óheimilt að stunda síldveiðar á svæði sunnan 67°00,00'N og vestan 011°30'V. Þó er færeyskum skipum heimilt, fyrir sunnan 67°00,00'N, að stunda síldveiðar upp að eftirfarandi línu:

1. 67°00,00'N - 013°19,00'V
2. 66°42,00'N - 012°50,00'V
3. 66°06,00'N - 011°33,00'V
4. 65°27,00'N - 011°24,00'V
5. 65°00,00'N - 011°28,00'V
6. 64°32,30'N - 011°41,00'V
7. 64°21,70'N - 012°17,30'V
8. 64°00,00'N - 013°07,00'V
9. 63°43,00'N - 014°00,00'V

og þaðan réttvísandi í 180° að mörkum efnahagslögsögunnar.

Færeysk veiðiskip skulu hlíta þeim takmörkunum sem síldveiðum eru settar í sérstökum reglugerðum eða skyndilökunum.

Stundi færeysk skip síldveiðar fyrir sunnan 67°00,00'N og vestan 011°30,00'V skal skipstjóri taka sýni úr afla. Sýni skulu tekin úr hverju kasti eða togi og skal sýnatakan framkvæmd fyrir stærðarflokkun afla og framkvæmd þannig að tekið skal eitt 50 sílda sýni úr hverju kasti eða togi. Hvert sýni skal aðgreint til tegunda svo unnt sé að greina íslenska sumargotssíld frá norsk-íslenskri síld í samræmi við kynþroskastig. Skipstjóri skal skrá hlutfall síldartegunda í afladagbók.

4. gr.

Fiskiskipum sem leyfi hafa fengið skv. 2. gr. til veiða í efnahagslögsögu Íslands, er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar sem uppfylla ákvæði um afladagbækur samkvæmt kafla III og viðauka IV í reglum Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Skulu Fiskistofu sendar staðfestar löndunartölur og afrit af afladagbókunum eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót.

Veiðarfæri, sem ætluð eru til annarra veiða en leyfi miðast við, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu.

5. gr.

Skip sem leyfi hafa fengið til síldveiða, sbr. 2. gr., skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða með sjálfvirkum hætti á klukkustundar fresti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin.

6. gr.

Um siglingu skips, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í efnahagslögsögu Íslands hefjast og á leið út úr efnahagslögsögu Íslands, gilda ákvæði reglugerðar um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu nr. 1133/2013, þar sem fram kemur staðsetning athugunarstaðanna. Heimilt er Landhelgisgæslu Íslands að ákveða að skipin skuli sigla inn og út úr efnahagslögsögunni á tilteknum athugunarstöðum og að þeim beri að tilkynna komu sína á þá með ákveðnum fyrirvara í samræmi við reglugerð nr. 1133/2013, um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu. Tímafrestir tilkynninga koma fram í reglugerð nr. 1170/2013, um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands.

7. gr.

Skip sem stunda veiðar í efnahagslögsögu Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nema annað sé sérstaklega ákveðið í reglugerð þessari og sömu reglum og íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibönn, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

8. gr.

Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu.

Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í veiðiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar efnahagslögsögu. Skal útgerð skips sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð í veiðiskipi og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

9. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða innan efnahagslögsögunnar brjóti útgerð, áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um hlutaðeigandi veiðar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum milliríkjasamninga.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti sakamála.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð

nr. 607/2018, um heimild færeyskra skipa til síldveiða við Ísland á árinu 2018.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. mars 2019.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Jóhann Guðmundsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.